

MYNDIR Á SÝNINGU

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins

Tónleikar í Langholtskirkju

30. mars 2019 kl. 17.00



Reykjavíkurborg



Tónlistarsjóður



BESTI BÓKAKLÚBBUR Í HEIMI!

KOMDU Í NEON!


✓ ÞÚ FÆRÐ FJÓRAR TIL
SEX SPLUNKUNÝJAR ÞÝÐINGAR Á ÁRI!

✓ ÞÚ FÆRÐ KILJURNAR
Á UNÐAN ÖÐRUM!

✓ ÞÚ FÆRÐ ÞÆR Á LÆGRA VERÐI
EN Í VERSLUNUM!

SENDU PÓST Á
BJARTUR@BJARTUR.IS,
SKRÁÐU ÞIG Í GEGNUM
FACEBOOK-SÍÐU BJARTS
EÐA HRINGDU Í **4141450!**


BJARTUR



EFNISSKRÁ

Gioachino Rossini: **Forleikurinn að Rakaranum frá Sevilla**

Elena Postumi: **Concerto fantastico fyrir fiölu og hljómsveit**

1. Moderato - *Meðalhratt*
2. Intermezzo - *Millispil*
3. Sognante - *Dreymandi*

Einleikari: Pétur Björnsson

Hlé

Modest Mussorgský: **Myndir á sýningu**. Útsetning: Maurice Ravel

Promenade - Gengið að fyrstu mynd

1. Gnomus - *Jarðálfurinn*

Promenade - Gengið að næstu mynd

2. Il vecchio castello - *Gamlí kastalinn*

Promenade - Gengið að næstu mynd

3. Tuileries - *Garðar í París*

4. Bydlo - *Dráttaruxinn*

Promenade - Gengið að næstu mynd

5. Ballet des poussins dans leurs coques - *Dans kjúklinganna í eggjum sínum*
6. Samuel Goldenberg og Schmuyle
7. Limoges. Le marché - *Markaðurinn í Limoges*
8. Catacombae - *Grafhýsin í Rómarborg*

Cum mortuis in lingua mortua - *Meðal dauðra á dauðri tungu*

9. La cabane sur des pattes de poule - *Kofinn á hæsnafótum (Baba Yaga)*
10. La grande porte de Kiev - *Borgarhliðið mikla í Kænugarði*

Stjórnandi: Gunnsteinn Ólafsson

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins er styrkt af Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóði og Seðlabanka Íslands. Hljómsveitin þakkar Tónskóla Sigursveins og Menntaskóla í tónlist fyrir aðstöðu til æfinga. Tónlistarskóla FÍH, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Brjáni Ingasyni er þakkað lán á hljóðfærum.

TÓNSKÁLD OG FLYTJENDUR



GIOACHINO ROSSINI

Rossini var eitt vinsælasta tónskáld Evrópu í upphafi 19. aldar. Hann samdi 38 óperur og njóta sumar þeirra enn mikilla vinsælda, ekki síst Rakarinn frá Sevilla. Óperan var samin árið 1816 á innan við tveimur vikum þegar tónskáldið var 24ra ára. Forleikurinn er í dæmigerðum Rossini-stíl. Hann hefst á hægum inngangi þar sem hröð nótnagildi vega upp á móti rólegu tempói. Meginkaflinn er hraður. Hann hefst á A-stefi og á eftir fylgir brú sem leiðir yfir í B-stef. Að því loknu hefst svokallað Rossini-crescendo. Örstutt mótíf er endurtekið í sífellu, stöðugt hærra og sterkar af fleiri og fleiri hljóðfærum. (Það var líklega Rossini-crescendóið sem ærði kvenfólk á sínum tíma svo það féll umvörpum í yfirlíð). Þegar hápunkti er náð hamast bassar á mótífínu þar til allt fellur í dúnalogn. Stefin tvö eru endurtekin eins og ekkert hafi í skorist, aftur hljómar Rossini-crescendo, en að þessu sinni endar það með strettu eða öngfærslu; hraðinn er skyndilega aukinn og öll hljómsveitin tekur undir af fullum krafti.



ELENA POSTUMI


Elena Postumi er alin upp í Rómarborg. Hún stundaði nám í píanóleik við Tónlistarháskóla heilagrar Sesselíu þar í borg og er nú einnig að ljúka meistaranámi í tónsmíðum við sama skóla. Elena er eftirsóttur meðleikari söngvara og ötull flytjandi kammertónlistar. Hún hefur komið fram á tónleikum víða um Evrópu og í Bandaríkjunum og unnið til verðlauna bæði heima og erlendis. Elena Postumi var píanóleikari á æfingum við uppsetningu Íslensku óperunnar á La Traviötu eftir Verdi vorið 2019. Fiðlukonsert hennar er tileinkaður Pétri Björnssyni.



MODEST MUSSORGSKÝ OG MAURICE RAVEL

Árið 1874 var sett upp sýning eftir rússneska málarann og arkitektinn Viktor Hartmann í Sankti Pétursborg. Hann var þá nýlátinn, aðeins 39 ára að aldri. Landi hans og vinur Modest Mussorgský ákvað að semja röð verka fyrir píanó sem byggði á myndum á sýningunni. Franska tónskáldið Maurice Ravel útsetti löggin fyrir símfóníuhljómsveit árið 1922 og bjó þannig úr garði eitt vinsælasta hljómsveitarverk allra tíma. Myndirnar á sýningunni eru hins vegar flestar týndar.

Upphafsstefið er nokkurs konar móttó verksins. Það hljómar aftur og aftur meðan gengið er frá einni mynd til annarrar. Fyrsta myndin er af jarðálfi, þá birtist gamall kastali þar sem altsaxófónn er í aðalhlutverki og þriðja myndin sýnir litríkt mannlíf í Tuileries-skemmtigarðinum í París. Næst birtist okkur dráttaruxi með ok sitt, túlkað af djúpum tónum túbunnar, þá dansandi kjúklingar í eggjum sínum og



síðan gyðingarnir tveir, Samuel Goldenberg og Schmuyle, annar auðugur en hinn sárafátækur. Okkur ber að mynd sem sýnir markaðstorgið í Limoges í Frakklandi og þaðan höldum við í graphýsi Rómarborgar. Hauskúpa með lýsandi kerti inni í sér blasir við okkur. Níunda myndin er af kofa á hænsafötum sem nefnist Baba Yaga. Baba Yaga er rússnesk grýla í líki kofa sem hendist eftir börnum að ná sér í soðið. Húsið framkallar ægileg hjóð á hlaupunum. Loks erum við stódd frammi fyrir borgarhlíðinu mikla í Kænugarði. Alexander II. keisari slapp nauðuglega undan morðingjahendi árið 1866 og í þakklætisskyni fyrirskipaði hann byggingu borgarhlíðsins. Víktor Hartmann gerði drög að hliðinu, enda bæði arkitekt og listmálari. Laglínan sem hljómar er stefið sem leikið var meðan gengið var á milli mynda.



PÉTUR BJÖRNSSON

Pétur Björnsson hóf fiðlunám fjögurra ára að aldri samkvæmt Suzukiaðferðinni. Hann stundaði nám hjá Ara Þór Vilhjálmssyni og Guðnýju Guðmundsdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík þaðan sem hann lauk framhaldsprófi haustið 2015. Sama ár hóf Pétur nám við Tónlistarháskólann í Leipzig sem kenndur er við Felix Mendelssohn Bartholdy. Þar naut hann fyrst handleiðslu Elfu Rúnar Kristinsdóttur en nú er kennari hans Carolin Widmann. Til námsauka hefur Pétur sótt tíma hjá virtum fiðluleikurum í Ameríku og Evrópu en meðal þeirra eru Christian Tetzlaff, Ilya Gringolts, Mariana Sirbu, Philippe Graffin, Sergei Ostrovsky og Robert Rozek.



GUNNSTEINN ÓLAFSSON

Gunnsteinn Ólafsson er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins. Hann stundaði framhaldsnám í tónsmíðum og hljómsveitarstjórn við Franz Liszt-tónlistarakadémiuna í Búdapest og við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi. 1994 vann Gunnsteinn önnur verðlaun í keppni ungra norræna hljómsveitarstjóra. Hann hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands á fjölmörgum skólatónleikum, óperusýningum í Þjóðleikhúsinu og hjá Íslensku óperunni, með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Sumaróperunni í Reykjavík og Óperustúdíói Austurlands. Ævintýraópera hans og Böðvars Guðmundssonar, Baldursbrá, var sýnd í Hörpu fyrir fáeinum árum. Gunnsteinn stjórnar einnig Háskólakórnum og hefur farið í tónleikaferðir með honum innanlands og utan. Gunnsteinn er listrænn stjórnandi Þjóðlagahátíðarinnar á Siglufirði og byggði upp Þjóðlagasetrið þar í bæ.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT UNGA FÓLKSINS

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Ungfónía, var stofnuð haustið 2004. Hljómsveitin er skipuð nemendum úr LHÍ, tónlistarskólum af höfuðborgarsvæðinu og við tónlistarháskóla erlendis á aldrinum 13-25 ára. Einleikarar og einsöngvarar með hljómsveitinni eru jafnan nemendur að ljúka framhaldsnámi erlendis eða eru nýkomnir heim frá námi. Hljómsveitin hefur tekist á við þrjú til fjögur verkefni á ári og haldið tónleika víða um land. Hljómsveitin var tónlistarhópur Reykjavíkur árið 2016. Hún er styrkt af Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóði og Seðlabanka Íslands.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT UNGA FÓLKSINS

1. fiðla

Agnes Gunnarsdóttir konsertmeistari
Alma Katrín Einarsdóttir
Linus Hüne
Hjalti Nordal
Jökull Ari Haraldsson
Hlín Erlendsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Chrissie Telma Guðmundsdóttir

2. fiðla

Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Lísa Margrét Óskarsdóttir
Ilmur Kristjánsdóttir
Bergdís Rúnarsdóttir
Selma Elísa Ólafsdóttir
Þórunn Árnadóttir
Einar Björnsson
Margrét Þorsteinsdóttir

Víola

Steina Kristín Ingólfssdóttir
Katrín Arndísardóttir
Eydís Ýr Rosenkjær
Svava Bernharðsdóttir

Selló

Skúli Þór Jónasson
Arnar Geir Halldórsson
Halldór Alexander Haraldsson
Dagur Þeyr Gestsson
Oddný Árnadóttir

Kontrabassi

Jacek Karwan
Jóhannes Georgsson

Piccolo-flauta

Hugrún Elfa Sigurðardóttir

Flauta

Dagbjört Erla Kjartansdóttir
Sigurlaug Björnsdóttir
Hugrún Elfa Sigurðardóttir

Óbó

Chip Robinson
Sarah McGarrity
Gunnar Þorgeirsson

Enskt horn

Gunnar Þorgeirsson

Klarinett

Símon Karl Sigurðarson
Ásdís Birta Guðnadóttir

Bassaklarinett

Ármann Helgason

Altsaxófónn

Emilía Rán Benediktsdóttir

Fagott

Arna Marín Thorarensen
Guðrún Erlendsdóttir

Kontrafagott

Berglind Bjarnadóttir

Horn

Erling Eydal
Ágústa Líndal
Saga Rut Sunnevudóttir
Daníel Kári Jónsson

Trompetar

Guðny Charlotta Harðardóttir
Ólafur Elliði Halldórsson
Þórður Hallgrímsson

Básúnur

Olea Jónsdóttir
Aurora Erika Luciano
Gunnar Helgason

Túba

Breki Sigurðarson

Harpa

Sophie Schoonjans

Selesta

Herdís Hergeirsdóttir

Pákur

Örvar Erling Árnason

Slagverk

Breki Freysson
Frank Aarnink
Árni Áskelsson



*Frá tónleikum Símfóníuhljómsveitar unga fólksins í Langholtskirkju
22. mars 2014. Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir lék fiðlukonsert
Mendelssohns. Konsertmeistari var Pétur Björnsson.*

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

Allt fyrir tónlistarmanninn
á einum stað

Tónastöðin býður upp á
mikið úrval hljóðfæra
og nótnabóka fyrir allar
tegundir tónlistar og
leggur áherslu á góða og
persónulega þjónustu,
byggða á þekkingu
og áratuga reynslu.



TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is